

Samkomulag um samstarf

Náttúruminjasafns Íslands og Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, vísinda- og þjónustustofnun sem lögum samkvæmt skal sinna rannsóknum á fræðasviði sínu og vera miðstöð miðlunar á upplýsingum um náttúru Íslands, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands er skipt í sjö deildir og veitir nemendum sínum fjölbreytilega menntun til að vinna sjálfstætt að vísindalegum verkefnum, stunda rannsóknir í þágu íslensks samfélags og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu.

Náttúruminjasafn Íslands og Félagsvísindasvið Háskóla Íslands gera með sér samkomulag þetta með það að markmiði að stuðla að samstarfi stofnananna og efla rannsóknir og fræðslu á sviði náttúrufræða og safnamála.


Stofnanirnar munu starfa saman í samræmi við ofangreind meginhlutverk sín og ákvæði laga þar að lútandi, m.a. með eftirfarandi hætti:

1. Að hvetja fræðimenn og nema stofnananna beggja til samstarfs og rannsókna á sameiginlegum fræðasviðum.
2. Að veita fræðimönnum og nemum stofnananna aðstöðu til fræðistarfa í samráði við stjórnendur þeirra. Hér undir fellur aðgangur að húsnæði, rannsóknarbúnaði og gagnasöfnum.
3. Aðilar skulu gera með sér sérstakan verksamning um tiltekin, afmörkuð rannsókn- og samvinnuverkefni. Þar skulu tíunduð markmið, efnistöð og tímasettir áfangar með verklokum.
4. Fræðimenn og nesar stofnananna skulu leitast við að miðla upplýsingum úr rannsóknum sínum og deila sín á milli og til almennings.

Reykjavík, 8. júní 2015

f.h. Náttúruminjasafns Íslands

f.h. Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands


Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður


Daði Már Kristófersson
forseti

Vottar:

